

Nefnd um endurskoðun stjórnarskrár Ísland			
Málsnr.	15040031	Áom.	PP
Db.	072-66	Aðrir	
Mótt.	18.05.05	Svartr.	
Aths.		LVM	

Stjórnarskrárnefnd
Bt. Páls Þórhallssonar
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2005

Efni: Beiðni um þátttöku á ráðstefnu um endurskoðun stjórnarskrárinnar

Með núverandi endurskoðun stjórnarskrárinnar gefst íslenskum konum í fyrsta sinn tækifæri til að hafa bein áhrif á stjórnarskrá landsins. Það er vel við hæfi að konur hefji upp raust sína nú þegar minnst er 90 ára afmælis kosningaréttar kvenna á Íslandi. Að mörgu er að huga við endurskoðun stjórnarskrár ef tekin er hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum. Málefnum kynjanna er ekki hægt að skipa á þróngan bás, þau snerta samfélagið allt.

Kvennahreyfingin óskar eftir því að taka til máls í öllum málstofunum með hliðsjón af eftirfarandi áhersluatriðum:

Lýðræði á upplýsingaöld

Tryggja þarf jafna þátttöku beggja kynja í stjórnun landsins, fyrr er ekki hægt að tala um lýðræði í raun.

Þrískipting ríkisvalds, pólitísk forysta, virkt eftirlit


Skerpa þarf á frumkvæðisskyldu stjórnvalda um afnám allrar mismununar gegn konum sbr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gegn konum (Kvennasáttmálann) og jafnframt að huga að framgangi jafnréttis karla og kvenna og efla þarf eftirlit með skyldum stjórnvalda á sviði jafnréttismála.

Ísland í alþjóðlegu umhverfi

Kynbundið ofbeldi hefur alvarlegar og umfangsmiklar afleiðingar víða í samfélaginu og þekkir engin landamæri. Ástæða er til að skoða ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs og heimilis og meðferð dómsmála með hliðsjón af Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna og yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gagnvart konum.

Hinn 4. júní munu fulltrúar kvennahreyfingarinnar boða til vinnufundar um hvernig stjórnarskráin getur best gætt hags beggja kynja og tryggt öryggi kvenna. Þar munu áherslur okkar skýrast og verða ljóst hverjar flytja mál okkar á ráðstefnu stjórnarskrárnefndar hinn 11. júní um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Fyrir hönd undirbúningshóps kvenna um stjórnarskrárbreytingar



Birna Þórarinsdóttir, UNIFEM á Íslandi

Drífa Snædal, Samtökum um kvennaathvarf

Guðrún Jónsdóttir, Stígamótum

Helga Guðmundsdóttir, Kvenfélagasambandi Íslands

Katrín Anna Guðmundsdóttir, Femínistafélagi Íslands

Kristín Ástgeirsdóttir, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum

Rósa Erlingsdóttir, UNIFEM á Íslandi

Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Kvenréttindafélagi Íslands og Kvennaráðgjöfinni